



Verndarsvæði í byggð

Akureyri

Fjaran og Innbærinn

Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87 frá 3. júlí 2015

- Megintilgangur laganna er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar og mannvirkja sem hafa sögulegt gildi
- Þau gilda um byggð innan þéttbýlis og byggðarkjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis.



Framkvæmd laganna vinnuferlið

- 1. Sveitarstjórn metur að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að undirbúa tillögu að verndarsvæði (87/2015, 4. gr.).
- 2. Ef sveitarstjórn ákveður að gera það er unnin tillaga. (87/2015, 4. gr.).
- 3. Tillaga að verndarsvæði er kynnt með auglýsingu þegar hún liggur fyrir frá hendi sveitarstjórnar. (87/2015, 5. gr.)
- 4. Tillaga að verndarsvæði, samþykkt af sveitarstjórn, er send til ráðherra (reglugerð 9. júní 2016, 3. gr.).
- 5. Ráðherra ákveður hvort byggð verði gerð að verndarsvæði á grundvelli tillögu sveitarstjórnar. Ákvörðun ráðherra um verndarsvæði er birt með auglýsingu í stjórnartíðindum (87/2015, 4. gr.).
- 6. Sveitarstjórn tryggir að ákvörðun um verndarsvæði endurspeglar skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélags (87/2015, 9. gr.).



Gögn sem þurfa að fylgja tillögu að verndarsvæði til ráðherra

- greinargerð um mat á varðveislugildi byggðar (slíkt mat er byggt á heimildakönnun, fornleifaskráningu og húsakönnun á svæðinu)
- skilmálar um vernd og uppbyggingu innan svæðisins
- staðfesting á samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila þar sem gerð er grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust við tillöguna og á hvaða hátt var tekið tillit til þeirra
- https://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaeði_greinargerð_leidbeiningar_utgafa1_03032017.pdf



Tengsl verndarsvæðis í byggð við skipulag

- Aðalskipulag
 - Við endurskoðun skal gera grein fyrir verndarsvæðum í byggð.
- Deiliskipulag •
 - ef verndarsvæði í byggð felur í sér ákvæði um skipulagsskyldar framkvæmdir s.s. nýbyggingar, viðbyggingar við eldri hús, þarf að tryggja að deiliskipulag viðkomandi svæðis gefi svigrúm til þeirrar uppbyggingar
 - ef ákvæði í gildandi deiliskipulagi sem eru í ósamræmi við verndarsvæði í byggð kallar það á að deiliskipulaginu sé breytt til samræmis
 - Í deiliskipulagi þarf að vísa til þess að á viðkomandi svæði gildi nánari ákvæði samkvæmt ákvörðun ráðherra um verndarsvæði í byggð



Fjaran og Innbærinn

Núverandi staða með tilliti til varðveislu byggðar

- Aðalskipulag Akureyrarbæjar frá 11.5.2018
- Deiliskipulag frá 18.9.2012
 - Skilmálar. Allur bæjarhlutinn er með sérskilmála
 - Húsakönnun unnin samhliða deiliskipulagsgerð
- Lög um menningarminjar/Minjalög sem tóku gildi 1. janúar 2013.
 - 3 verndunarflokkar



Minjalög – verndunarflokkar

- Friðlýst hús – Friðlýsingarskjal, þinglýst sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á.
 - Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.
- Friðuð (aldursfriðuð) hús
 - Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.
 - Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
- Verndun annarra húsa og mannvirkja
 - Öll hús og mannvirki byggð 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.





Dæmi um friðlýst hús

Laxdalshús í kringum 1950



Laxdalshús árið 2021



27. október 2021

Hanna Rósa Sveinsdóttir

Dæmi um friðað hús

Lækjargata 3 um 1990



Lækjargata 3 árið 2020



Dæmi um umsagnarskylt hús

Aðalstræti 21 um 1982



Aðalstræti 21 árið 2021



Af hverju að vinna verndarsvæðistillögu fyrir Innbæinn og Fjöruna ?

- Innbærinn og Fjaran - elsti bæjarhlutinn, hefur fágætisgildi bæði á staðarvísu og á landsvísu.
- Núverandi varðveislumat í húsakönnun frá 2012 er orðið úrelt að hluta, byggir á eldri lögum og aðferðafræði
- Marka heildræna stefnu í varðveislu með að skerpa á skilmálum um verndun, uppbyggingu og framþróun
- Með að lýsa, greina, meta og draga fram sérkenni og sögulega vídd bæjarhlutans og miðla til íbúa/almennings, húseiganda og bæjaryfirvalda eru meiri líkur á að samstaða náist um varðveita þennan elsta bæjarhluta svo sómi sé að
- Kostnaður við tillögugerð greiddur að mestu úr húsafriðunarsjóði



Vinna við tillögu að verndarsvæði í byggð prepin þrjú

- Lýsa byggðinni
- Greina einkenni og svipmót byggðarinnar
- Meta varðveislugildi byggðarinnar
 1. Listrænt gildi (hátt, miðlungs, lágt)
 2. Menningarsögulegt gildi (hátt, miðlungs, lágt)
 3. Umhverfisgildi (hátt, miðlungs, lágt)
 4. Upprunaleiki (hátt, miðlungs, lágt)
 5. Ástand (hátt, miðlungs, lágt)

Niðurstaða varðveislumats=varðveislugildi sem unnið er með áfram í skilmála







Afmörkun svæðisins og varðveisluheildir (í vinnslu)

- Hér er unnið út frá níu varðveisluheildum á svæðinu. Með varðveisluheild er átt við að þar eru hús sem saman mynda áhugaverða, varðveisluverða heild sem ætti að passa vel upp á.

Hús með hátt gildi í byggingarlist

Aðalstræti 4, Gamla apótekið um 1982



Aðalstræti 4, Gamla apótekið árið 2021



Hús sem mynda varðveisluheild

Húsin á horni Aðalstrætis og
Lækjargötu um 1900



Húsin á horni Aðalstrætis og
Lækjargötu árið 2021



Skilmálar um verndun og uppbyggingu lokaþrepið í tillögu að verndarsvæði

- settir til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru í tillögunni um verndun byggðar innan verndarsvæðis
- hafa það að markmiði að tryggja að byggðinni verði ekki spillt og varðveislugildi hennar þar með rýrt
- settir fram til tryggja að breytingar sem eru gerðar styrki einkennandi svipmót og yfirbragð hennar
- settir fram möguleikar sem eru til uppbyggingar innan verndarsvæðis í byggð út frá varðveislugildi byggðarinnar
- Eiga að styðja **sambætta verndun** þ.e.a.s. að verndun menningarsögulegrar byggðar felist í því að verndun og uppbygging haldist í hendur



Takmarkanir innan verndarsvæða

- Bannað að rýra varðveislugildi verndarsvæðis
 - Óheimilt að breyta, bæta, rífa niður eða fjarlægja mannvirki nema með leyfi sveitarstjórnar
 - Ekki má veita leyfi ef varðveislugildi verndarsvæðisins er stefnt í hættu eða rýrt með hinni fyrirhuguðu framkvæmd.
 - Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um leyfi til framkvæmda skal auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd og veita almenningi og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.



Ávinningur af verndarsvæði í byggð

- Nánari greining og nýtt endurskoðað heildrænt mat á varðveislugildi þessa elsta bæjarhluta Akureyrar
- Hjálpartæki við vernd og varðveislu menningarminja hjá Akureyrarbæ
- Virkja áhuga húseiganda í bæjarhlutanum til góðra verka
- Hús á verndarsvæði njóta ákveðins forgangs við úthlutun styrkja úr húsafriðunarsjóði eins og staðan er núna



Styrkir úr húsafriðunarsjóði 2015-2021

- Friðlýst hús
 - Alls 11 styrkir að heildarupphæð 10.2 mi. kr.
- Friðuð hús
 - Alls 19 styrkir að heildarupphæð 31.3 mi. kr.
- Önnur hús og mannvirki
 - Engir styrkir



Ávinningur af húsvernd

- **Efnahagslegur ávinningur**

- Framkvæmdir við endurnotkun, endurbætur og varðveislu byggingararfsins eru hlutfallslega mannfrekari en nýframkvæmdir og stuðla því að meiri atvinnu allt í kringum landið en efniskostnaður er aftur á móti mun minni.

- **Umhverfislegur ávinningur**

- Hefðbundin byggingarefni eru í öllum aðalatriðum vistvæn. Viðhald eldri húsakosts stuðlar ekki einungis að varðveislu þeirrar orku og byggingarefna sem nýtt voru við byggingu hússins, heldur minnkar það þörfina á óvistvænni förgun og framleiðslu nýrra efna.

- **Félagslegur og menningarlegur ávinningur**

- Fólki er annt um sína arfleifð. Sagan og menningararfurinn eru samofin hugmyndum okkar og tilfinningum fyrir umhverfinu, bæði nærumhverfi og landsins alls. Fólki líður vel í sögulegu umhverfi.
 - **Það er á ábyrgð okkar allra að varðveita menningarminjar til framtíðar**



Vinna við verndarsvæðistillögu staða verkþátta

Uppfærsla á eldri húsakönnun samkvæmt kröfum MI – **nær lokið**

Endurskoðun eldra varðveislumats, gert nýtt - **nær lokið**

Fornleifaskrá, eldri skráning yfirfarin og endurskoðuð - **lokið**

Vinna greinargerðar – **í vinnslu**

Samráðsfundir/vinnufundir með arkitekt og fornleifafræðingi – **í vinnslu**

Ljósmyndun svæðis og húsa + ljósmyndavinna í greinargerð – **nær lokið**

Vinna að kortagerð ofl. með arkitekt – **í vinnslu**

Heimildavinna og vettvangskannanir – **nær lokið**

Samráð við íbúa-ólokið



Hvort – Hvernig - Hvenær ?

- Á að halda áfram þessari vinnu og ljúka henni ?
 - Eru önnur hverfi sem er meira aðkallandi að vinna verndarsvæðistillögu að?
- Verkþættir sem eftir eru ?
 - Kynning og samráð við íbúa, á hvaða tímapunkti ?
 - Ljúka greinargerð
 - Vinna skilmála um verndun og uppbyggingu
- Hvenær á að ljúka þessu verkefni?

